Nr. 4.
25.
maí.

# Boðskapur konungs

til

alþingis.

**Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Vora konunglegu kveðju.

Þau tíðindi hafa orðið, sem alþingi mun þykja harmafregn, að Hennar hátign, ekkjudrottning Carólína Amalía og Hennar Konunglega tign erfðaprinzessa Carólína eru látnar.

Vjer kunnum alþingi hjartanlegar þakkir fyrir ávörp þau, sem Oss hafa send verið frá báðum deildum þess, og fyrir þær heilla óskir, sem eru þar fram bornar Oss og Vorri Konunglegu ætt til handa, eins og vjer af einlægum hug kunnum að meta þann vott hollustu og trausts, sem ávörp þessi bera með sjer, og þá viðurkenningu, sem alþingi hefir sýnt viðleitni Vorri til þess að efla hag Íslands.

Þá er hið löggefandi alþingi kom saman í fyrsta skipti, ljetum Vjer í ljósi þá öruggu von, að hin frjálsa stjórnarskipun, sem Ísland hefir hlotið, mundi verða hagnýtt af fulltrúum þess til að efla framfarir og vellíðan landsins, sem Vjer höfðum fyrir augum. Þessi von hefir rætzt á gleðilegan hátt, þar sem það hefir tekizt fyrir happasælan samverknað milli stjórnarinnar og alþingis, eins og milli beggja deilda þess innbyrðis, á því fyrsta 6 ára tímabili, sem liðið er frá því að alþingi tók til löggjafar-starfa, að koma fram mörgum mikilvarðandi lögum og ráðstöfunum, og með því að koma til leiðar þýðingarmiklum endurbótum á umboðsstjórn landsins og skattamálum, á samgöngum og fl.

Kostnaður sá, sem þetta og aðrar ráðstafanir, til þess að efla framfarir landsins, hafa haft í för með sjer fyrir fjárhag þess, hefir hingað til orðið goldinn af hinum venjulegu tekjum án þess örðugt hafi veitt. En eptirleiðis hlýtur að koma skarð í tekjurnar, sem mikið munar um, sjer í lagi vegna þess að lestagjaldið var af numið, og einnig fyrir þá sök, að orðið hefir að verja nokkrum hluta af fje viðlagasjóðsins til kostnaðarins við byggingu á alþingishúsinu, en stjórnin hefir þó eigi fundið sjer skylt af þessum ástæðum að koma fram með uppástungur um nýjar skattaálögur, ámeðan reynslan eigi hefir sýnt, að óumflýjanleg nauðsyn sje á þeim.

Ósk sú, sem alþingi opt hefir hreyft og aptur ítrekað við þetta tækifæri, að fje landsins yrði ávaxtað í landinu sjálfu, hefir af stjórninni verið tekin svo ítarlega til greina, sem unnt var eptir því, sem ástatt hefir verið hingað til, þar sem gjörvöllu því fje, sem fyrir hendi var í viðlagasjóðnum, hefir smá saman verið varið til þess að veita lán, sumpart sveitarfjelögum og stofnunum, sumpart einstökum mönnum gegn veði í fasteignum. Menn verða samt sem áður að viðurkenna, að það sje miður rjett, að verja fje viðlagasjóðsins sjer í lagi á þann hátt, sem síðast var getið, og verður því að álíta það æskilegt, að gjörð verði breyting á þessu. Þá er tekið var undir yfirvegun, hvernig þessu málefni

# Allerhøjeste Budskab

Nr. 4.
25de
Mai.

til

## Althinget.

**Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Vor Kongelige Hilsen.

Althinget vil med Deltagelse modtage Budskabet om Hs. Majest. Enkedronning Caroline Amalies og Hs. Kgl. Højhed Arveprinsesse Carolines dødelige Afgang.

Vi bringe Althinget Vor hjertelige Tak for de fra begge dets Afdelinger Os tilsendte Adresser og for de deri udtalte gode Ønsker for Os og Vort Kongelige Hus, ligesom Vi paaskjønne oprigtig de Ytringer af Hengivenhed og Tillid, som disse Henvendelser indeholde, og den Anerkjendelse, som Althinget har ydet Vore Bestræbelser for at fremme Islands Vel.

Dengang det lovgivende Althing første Gang traadte sammen, udtalte Vi det tillidsfulde Haab, at den fri Forfatning, som er bleven Island til Del, vilde af dets Repræsentation blive benyttet til at fremme det af Os tilsigtede Øjemed, Landets Udvikling og Velvære. Disse Forventninger ere blevne opfyldte paa en glædelig Maade, idet det ved en heldig Samvirken mellem Regjeringen og Althinget, saavel som mellem dettes 2de Afdelinger indbyrdes, er lykkedes, i den forløbne første 6aarige Periode af Althingets lovgivende Virksomhed at gjennemføre en Række vigtige Love og Foranstaltninger, hvorved betydningsfulde Reformer ere blevne indførte i Landets Administration og Skattevæsen, i Kommunikationsforholdene m. m.

De Krav, som herved og ved andre til Landets Opkomst sigtende Foranstaltninger ere blevne stillede til dets Finanser, have hidtil uden Vanskelighed kunnet afholdes af de ordinære Indtægter. Der vil imidlertid i disse for Fremtiden finde en følelig Nedgang Sted, i Særdeleshed som Følge af Læsteafgiftens Ophævelse, og tillige fordi en Del af Reservefondens Midler har maattet anvendes til Afholdelsen af Udgifterne ved Althingsbygningens Opførelse, men Regjeringen har dog ikke troet paa Grund heraf at burde fremkomme med Forslag til nye Skattepaalæg, saalænge Erfaringen ikke har godtgjort deres uundgaaelige Nødvendighed.

Det af Althinget ofte udtalte, og atter ved nærværende Lejlighed gjentagne Ønske om, at Landskassens Midler maatte gjøres frugtbringende i Landet selv, er af Regjeringen blevet imødekommet i et saa stort Omfang, som det efter de hidtilværende Forhold har været muligt, idet den hele disponible Del af Reservefonden efterhaanden er bleven anvendt til Udlaan dels til Kommuner og Stiftelser, dels til Private imod Pant i faste Ejendomme. Det maa imidlertid erkjendes, at navnlig den sidstnævnte Maade at anbringe Reservefondens Midler paa er mindre principmæssig, og en Forandring heri maa derfor anses for ønskelig. Ved at tage under Overvejelse, hvorledes dette Forhold maatte kunne ordnes paa en saavel

Nr. 4. 25. maí. yrði komið fyrir svo haganlegt væri bæði fyrir landssjóðinn og fyrir lántakendur, komst stjórnin að þeirri niðurstöðu, að augnamiði þessu bezt yrði náð í sambandi við fyrirhugaða skipun á lána-viðskiptum manna á Íslandi yfirhöfuð. Hjerað lútandi lagafrumvarp mun því nú verða lagt fyrir alþingi.

Auk lagafrumvarps þessa, sem ætla má að mjög mikið sje í varið til eflingar á velmegun landsins, og sem Vjer því sjer í lagi leiðum athygli alþingis að, verða lögð fyrir þingið bæði fleiri ný lagafrumvörp, og svo frumvarp það, sem alþingi þegar er kunnugt, um endurbætur á landbúnaðarlöggjöfinni, en eigi varð útrætt á síðasta alþingi.

Þar sem alþingi nú aptur tekur til starfa sinna, eptir að nýjar kosningar hafa fram farið, og eptir að búið er að reisa sjerstaka bygging fyrir alþingi, höfum Vjer þá von og innilegu ósk, að starfi þess megi verða til heilla og hamingju fyrir landið, og heitum Voru trúa alþingi hylli Vorri og konunglegri mildi.

*Ritað á Amaliuborg, 25. dag maim. 1881.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

*J. Nellemann.*

Nr. 4. Boðskapur konungs 25. maí til alþingis.

for Landskassen som for de paagjældende Laantagere hensigtsmæssig Maade, er Regeringen kommen til den Anskuelse, at dette Formaal bedst vil kunne fremmes i Forbindelse med en paatænkt Ordning af Kreditforholdene i Island i det Hele. Et hertil sigtende Lovforslag vil derfor nu blive Althinget forelagt. Nr. 4. 25de Mai.

Foruden dette Lovforslag, der turde være af særlig Betydning for Landets materielle Udvikling, og som Vi derfor anbefale til Althingets særlige Opmærksomhed, vil der blive forelagt Thinget dels flere nye Lovforslag, dels det Althinget allerede bekjendte Forslag til Reform i Landbolovgivningen, hvis Behandling ikke blev tilendebragt i Althingets sidste Samling.

Idet Althinget nu atter gjenoptager sin Virksomhed, efter at nye Valg er foregaaede, og efterat der er blevet rejst en særlig Bygning for Althinget, nære Vi det Haab og inderlige Ønske, at dets Gjerning maa blive til Lykke og Velsignelse for Landet, og forblive Vort tro Althing i Kongelig Naade bevaagen.

**Skrevet paa Amalienborg, den 25de Mai 1881.**

**Under Vor Kongelige Haand og Segl.**

***Christian R.***

**(L. S.)**

*J. Nellemann.*